

Fimmtudaginn 5. nóvember 1992.

Nr. 132/1992. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Sigurði Þór Sigurðssyni**

Jón Magnússon hrl.).

Þjófnaður. Aðfinnslur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu ákærða.

Verjandi ákærða hefur við flutning málsins fyrir Hæstarétti krafist þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur. Reisir hann þá kröfu á því, að meðferð málsins fyrir sakadómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hafi verið ábótavant. Vitnið Daníel Jónsson hafi ekki komið fyrir dóm, en vísað sé til framburðar þess hjá lögreglu í hinum áfrýjaða dómi. Sé þetta andstætt 75. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Þá hafi ákærða ekki verið kynnt öll skjöl málsins, áður en það var tekið til dóms, sbr. 78. gr. laga nr. 74/1974.

Héraðsdómara hefði verið rétt að kalla Daníel Jónsson fyrir dóm sem vitni. Af bókun í þinghöldum verður ekki ráðið, að ákærða hafi verið kynnt önnur gögn málsins en ákæra. Þessir annmarkar á meðferð málsins eru aðfinnsluverðir, en þykja ekki eiga að valda ómerkingu hins áfrýjaða dóms og málsmeðferðar, enda er ljóst, að þeir hafa ekki valdið ákærða réttarspjöllum.

Ákærði hefur viðurkennt afdráttarlaust fyrir dómi að hafa tekið gúmbát úr mb. Stapatindi í ágúst 1991, og hafi hann afhent hann Daníel Jónssyni, sem áður hafi verið að kvarta yfir því við ákærða, að sig vantaði gúmbát. Jafnframt viðurkenndi ákærði, að til tals hefði komið, að Daníel greiddi sér fyrir bátinn. Með framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að hann hafi framið verknað þann, sem hann er ákærður fyrir, og

er hann réttilega heimfærður í héraðsdómi til 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi fangelsi í 2 mánuði.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað, og dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Þór Sigurðsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

#### Dómur sakadóms Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 26. nóvember 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 26. nóvember, er á dómþingi sakadóms Snæfellsness- og Hnappadalssýslu / Ólafsvíkur kveðinn upp dómur þessi af Margréti Heinreksdóttur, settum héraðsdómara, í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Sigurði Þór Sigurðssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. nóvember sl., var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 9. 10. 1991:

„..... á hendur Sigurði Þór Sigurðssyni, Hellisbraut 9, Hellissandi, fæddum 19. desember 1952, fæðingarnúmer 543, fyrir þjófnað með því að hafa í ágúst 1991 stolið gúmmíbát úr mb. Stapatindi, SH - 17, á hafnarsvæðinu í Rífi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar...“

Samkvæmt sakavottorði, dags. 26. september 1991, hefur ákærði á árabílinu 1969 til 1988 sætt refsingum 29 sinnum skv. 17 dómum og 12 sáttum. Þar af eru eftirfarandi fimm dómur vegna brota á 244. gr., 244. gr., sbr. 20. gr. og 245. gr. [þrjú dómur frá árinu 1977, einn frá 1978 og einn frá 1985].

#### Niðurstaða

Ákærði, sem er sakhæfur, hefur frá upphafi rannsóknar játað brot þetta. Þar sem játning hans er í samræmi við gögn málsins svo og framburð Ásbjörns Óttarssonar og Daníels Jónssonar, verður að teljast fullsannað, að

ákærði hafi gerst sekur um brot það, er í ákæru greinir, og því unnið sér til refsingar skv. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þar sem liðin eru meira en fimm ár, frá því að ákærði sætti síðast refsingu fyrir brot sama eðlis, verður ekki talið, að það hafi ítrekunaráhrif á brot það, er hér um ræðir. Við ákvörðun refsingar þykir hins vegar verða að hafa sakaferil ákærða í heild til hliðsjónar, sbr. 72. gr. og 255. gr. alm. hgl. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði. Ákærði greiði sakarkostnað, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Þ. Sigurðsson, kt. 191252-5439, sæti fangelsi í tvo mánuði.

Ákærði greiði sakarkostnað.

---